

Reglur Grímsnes- og Grafningshrepps um afslátt á leikskólagjöldum til námsmanna.

1. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir 20% afslátt af leikskólagjöldum barns/barna ef annað foreldri er í námi en 40% afslátt ef báðir foreldrar eru í námi. Til að afsláttur beggja foreldra gildi þurfa foreldrar að vera skráðir í sambúð. Afsláttur er aðeins af grunnjaldi en ekki af fæði.
2. Sækja þarf um afsláttinn á skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Námsmannaafsláttur miðast við að námið sé lánshæft samkvæmt viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem metið er lánshæft. Námsmaður skal vera í a.m.k. 75% námi á háskólastigi en í 100% námi sé hann í sérnámi. Þessi afsláttur á einnig við ef stundað er fullt nám í framhalds-, mennta-, fjölbrauta og iðnskóla. Kvöldnám er ekki tekið gilt. Staðfesting frá skóla skal berast skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í janúar og september ár hvert. Ekki er tekið við umsóknum í gegnum tölvupóst.
3. Umsókn um námsmannaafslátt skal hafa borist sveitarfélaginu eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Ef umsókn berst seinna verður afsláttur ekki veittur þann mánuðinn.
4. Foreldri er skylt að tilkynna sveitarfélaginu þegar í stað um breytingar á högum sínum sem áhrif geta haft á rétt hans til afsláttar.

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps,
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri